

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 70, 23. febrúar 1993 um útflutningsleyfi o.fl.

1. gr.

Fylgiskjal 2 orðist svo:

Útflutningur á fiski sem háður er leyfi utanríkisráðuneytisins.

Tollskrárnúmer	Vörutegund
0301	Lifandi fiskur
0302.2101-0302.2900	Flatfiskur, þó ekki í flugi
0302.5000	Þorskur, þó ekki í flugi
0302.6200	Ýsa, þó ekki í flugi
0302.6300	Ufsi, þó ekki í flugi
0302.6500	Háfur og aðrir háfiskar, þó ekki í flugi
0302.6901	Loðna, þó ekki í flugi
0302.6902	Langa, þó ekki í flugi
0302.6903	Karfi, þó ekki í flugi
0302.6904	Keila, þó ekki í flugi
0302.6905	Steinbítur, þó ekki í flugi
0302.6906	Skata, þó ekki í flugi
0302.6909	Annar fiskur, þó ekki í flugi
0305.2001	Grásleppuhrogn, söltuð

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 11. september 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 503

19. september 1996

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Eskifjarðarbær og Reyðarfjarðarhreppur myndi eina almannavarnanefnd og myndi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.